

Mannauðsstefna

1. Virðing fyrir starfsfólki

Við leggjum mikla áherslu á að skapa vinnuumhverfi þar sem allt starfsfólk er metið og virt. Við trúum á að virðing sé grundvöllur fyrir jákvæðum samskiptum og árangri í starfi.

2. Fagmennska

Starfsfólk okkar er ábyrgt, heiðarlegt og sýnir faglegan metnað í öllum verkefnum. Við styðjum við stöðuga þekkingaröflun og þróun starfsmanna.

3. Jafnrétti

Við skuldbindum okkur til að tryggja jafnrétti á vinnustaðnum. Allt starfsfólk nýtur sömu tækifæra óháð kyni, kynþætti, trúarbrögðum, kynhneigð eða öðrum persónulegum eiginleikum. Við vinnum markvisst að því að útrýma hvers kyns mismunun.

4. Aðgerðaráætlun gegn einelti, kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi

Við tökum einelti, kynferðislegt og kynbundið ofbeldi mjög alvarlega og höfum sett fram eftirfarandi aðgerðaráætlun til að bregðast við slíkum málum:

a) Fræðsla og forvarnir

- Regluleg fræðsla fyrir allt starfsfólk um einelti, kynferðislegt og kynbundið ofbeldi.
- Skýr stefna og verklagsreglur sem eru aðgengilegar öllum starfsmönnum.

b) Viðbrögð við kvörtunum

- Starfsfólk, sem verður fyrir eða vitni að ofbeldi, einelti, kynferðislegu eða kynbundnu ofbeldi er hvatt til að tilkynna um það,
- Öll mál verða tekin alvarlega og rannsökuð af óháðum aðila.

c) Stuðningur við þolendur

- Þolendur fá stuðning og ráðgjöf frá fagfólki og geta t.d. leitað til [Samskiptamál, einelti og áreitni - Líf og Sál \(lifogsal.is\)](#)
- Tryggt verður að þolendur verði ekki fyrir neikvæðum afleiðingum vegna tilkynninga.

d) Aðgerðir gegn gerendum



MYNDGREINING
HJARTAFERNDAR

- Gripið verður til viðeigandi aðgerða gegn gerendum, sem geta falið í sér áminningar, flutning eða uppsögn.

e) Eftirfylgni

- Regluleg endurskoðun á aðgerðaráætluninni til að tryggja að hún sé árangursrík og uppfærð í samræmi við nýjustu þekkingu og lög.